

ÁFANGASTAÐURINN REYKJANES 2024–2027

ÞRÓUN FERÐAMÁLA
Í SÁTTVIÐ NÁTTÚRU OG
SAMFÉLAG

REYKJANESIÐ
ER LÍFÆÐ LANDSINS
ÞAR SEM ÆGIFEGURÐ
FYLGIR ÞÉR
HVERT FÓTMÁL

ÁFANGASTAÐURINN REYKJANES

Reykjanesið er einstakt á heimsvísu.

Reykjaneskaginn myndar Reykjanes UNESCO Global Geopark, með viðurkenningu frá UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Hér er eini staðurinn í heiminum þar sem gestir hafa tækifæri á að sjá hvar Mið-Atlantshafshryggurinn kemur á land og upplifa á afmörkuðu svæði hvaða áhrif flekaskil, Norður Ameríku- og Evrasíuflekans, hafa á náttúru og samfélag.

Með þetta að leiðarljósi er Reykjanesið gæðaáfangastaður með sjálfbærni í forgrunni. Hér er ferðaþjónustan rekin, þróuð og byggð upp í sátt við umhverfi og samfélag.



FRAMTÍÐARSÝN

Reykjanesið er gæðaáfangastaður með sjálfbærni og gæða ferðapjónustu að leiðarljósi.

Hér er ferðapjónustan rekin, þróuð og byggð upp í sátt við umhverfi og samfélag.

Á Reykjanesi er gott að búa og íbúar eru gestrisnir. Ferðapjónustan skapar jákvæð hagræn áhrif sem endurspeglast í fjölbreyttri og spennandi þjónustu fyrir íbúa og gesti svæðisins. Svæðið veitir gestum innblástur og jákvæð hughrif sem endurspeglast í aukinni þekkingu og vitund um svæðið.



YFIRLIT

01.
STÖÐUGREINING

02.
MARKAÐSSTAÐA

03.
ÁHERSLUR

04.
ADGERÐIR



01.

STÖÐUGREINING



ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN

Áfangastaðaáætlun er áætlun um áherslur, uppbyggingu og þróun ferðamála á tilteknu landsvæði og skilgreindu tímabili. Hlutverk mismunandi hagsmunaaðila eru skilgreind og sett er fram aðgerðaráætlun um þróun áningarstaða og áherslur í vöruþróun svæðisins.

Markmið með áfangastaðaáætlun er að móta sameiginlega sýn og samræmdar áherslur varðandi stýringu, skipulag og stefnu um þróun ferðamála og uppbyggingu innviða á tilgreindu svæði.

Áfangastaðaáætlun veitir íbúum áfangastaðar besta mögulega tækifæri til að gera áætlun til framtíðar um hvernig ferðapjónustu þeir vilja og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.


Áfangastaðaáætlun tekur á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæðis auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er að fara við stýringu að hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun atvinnugreinarinnar innan svæðisins: uppbyggingu, efnahagslegt vægi, þjónustuþætti o.s.frv.



ÁFANGASTAÐURINN REYKJANES

Reykjanes **UNESCO** Global Geopark
nær yfir sveitarfélögin fjögur:

- 01. Grindavíkurbær
- 02. Reykjanesbær
- 03. Suðurnesjabær
- 04. Sveitarfélagið Vogar



SJÁLFBÆRIR ÁFANGASTAÐIR

Við viljum byggja upp og þróa sjálfbæran áfangastað til að auka ábata og lífsgæði í landshlutanum

Atvinnulífið

Ferðapjónusta er mikilvægur þáttur í hagkerfi svæðisins. Það er mikilvægt að fjölga tækifærum til vöruþróunar og vaxtar fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á svæðinu, fjölga verðmætum atvinnutækifærum, stuðla að auknum gæðum í þjónustu og virðisauka. Fjárhagslegur stöðugleiki leikur lykilhlutverk í sjálfbærni áfangastaðarins.

Umhverfið

Náttúran okkar leikur lykilhlutverk í ferðapjónustu á Reykjanesi. Við byggjum upp og þróum sjálfbæran, fyrirmyndaráfangastað í sátt við umhverfið, atvinnulíf og samfélag. Saman vinnum við að því að vernda, bæta og stýra áningarstöðum þannig að við getum notið náttúru og lífríkis svæðisins til framtíðar.

Gesturinn


Reykjanesið býður uppá einstaka upplifun fyrir gesti svæðisins. Jákvæð upplifun hans og upplifun umfram væntingar er okkar aðalsmerki. Við aukum virði svæðisins með ánægðum gestum. Þeir ferðast víðar um Reykjanesið, dvelja lengur og skila tekjum til svæðisins.

Samfélagið

Samfélagið er stolt af áfangastaðnum og býður gesti velkomna. Þeir styðja við og hafa hag af ferðapjónustu á svæðinu. Samfélögin og bæjarmyndin er eitt af einkennum svæðisins, gestrisni er okkar einkennismerki.



REYKJANES



Íbúafjöldi

30.930



Sveitarfélög

4

Á Reykjanesi sameinast kraftur náttúru, mannauðs og atvinnulífs. Reykjanes er lífæð landsins og sjálfbær landshluti þar sem búseta er eftirsótt sökum traustra innviða, góðrar þjónustu og lifandi menningarstarfs í fjölþjóðlegu samfélagi.

Á Reykjanesi er fjölbreytt úrval áningarstaða og aðdráttarafls. Víða er gott aðgengi og svæðið býr yfir tækifærum í nálægð við alþjóðaflugvöll og höfuðborgarsvæðið. Innan svæðisins er fjölbreytt úrval gæða þjónustu og afþreyingu.



STÖÐUGREINING FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Fjöldi fyrirtækja 2023



14

Hótel og hótélíbúðir

10

Gistiheimili

11

Annað



38

Veitingastaðir

6

Barir og skemmtistaðir

5

Kaffihús og bakarí

19

Skyndibiti



1

Rútufyrirtæki

32

Bíla- og ferðavagnaleigur



12

Ferðaskrifstofur

53

Ferðasali dagsferða

Fjöldi rúma að meðaltali 2023



1.764

Hótel

387

Gistiheimili

30

Hótélíbúðir

53

Heimagisting

90

Farfuglaheimili


TÖLULEG GÖGN 2023

Atvinnutekjur af ferðaþjónustu á Reykjanesi

π Hlutfall af heildaratvinnutækjum svæðisins

π Hlutfall svæðisins af atvinnutækjum ferðaþjónustu á landsvísu

25,3%



15,7%



Launþegar í ferðaþjónustu á Reykjanesi

π Hlutfall af heildarfjölda launþega á svæðinu

π Hlutfall svæðis af launþegum í ferðaþjónustu á landsvísu

26,43%



14,44%



Gistinætur

638.685

Fjöldi gistinguátta á öllum tengdum og skráðra gististaða.

80%

Hlutfall erlenda ferðamanna af gistinguátum í prósentum.

20%

Hlutfall Íslendinga af gistinguátum í prósentum.

812

Framboð herbergja á hótelum ársmeðaltal.

44,1%⁽²⁰²²⁾

Árstíðarvelta landshlutans í prósentum.

56,5%⁽²⁰²²⁾

Meðalnýting herbergja á hótelum í prósentum.

Gestakomur í gistingu

488.460

Efnahagur

30.077⁽²⁰²²⁾

Heildararvinnutekjur af ferðaþjónustu, milljónir króna.

4.978⁽²⁰²²⁾

Áætlaðar skattatekjur sveitarfélaga af ferðaþjónustu, milljónir króna.

325⁽²⁰²²⁾

Fjöldi laungreiðanda í ferðaþjónustu.

3.977⁽²⁰²²⁾

Fjöldi launþega í ferðaþjónustu.

201

Fjöldi fyrirtækja í ferðaþjónustu.


TÖLULEG GÖGN

Bifreiðatalningar og áætlaður gestafjöldi

	2021	2022	2023 (jan-okt)
Reykjanesviti	20.049 84.134	38.067 133.173	32.734 130.370
Gunnhver	12.720 26.569	22.907 61.216	26.162 80.230
Brimketill	17.972 48.030	30.886 82.541	29.314 89.192
Garðskagi	70.897 248.026	77.812 272.218	34.932* 169.496*
Keilir	2.309 11.262	1.855 5.874	1.312 4.494

*Vantar tölur frá mars-maí 2023 á Garðskaga

Gestatalning á ferðamannstöðum á Reykjanesi




Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum skráðra gististaða




TÖLULEG GÖGN

Dvaldi að minnsta kosti eina nótt á svæðinu



Fjöldi í prósentum á mánuði sem heimsóttu Reykjaness á heimsókn sinni til Íslands

Heimsókn til landshluta



Fjöldi í prósentum sem heimsóttu Reykjaness á heimsókn sinni til Íslands

AFÞREYING

- Heilsurækt & Spa
- Náttúrulegir baðstaðir
- Norðurljósaskoðun
- Ljósmyndaferðir
- Matarupplifun
- Fuglaskoðun
- Hvalaskoðun
- Bátsferðir
- Sjóstöng
- Handverk & hönnun
- Fjór hjóla- og Buggy ferðir
- Eldgosaferðir
- Gönguferðir
- Söfn & sýningar
- Golf



02.

MARKAÐSSTAÐA



UPPLIFUN FERÐAMANNA Á REYKJANESINU?

Samkvæmt markaðsgreiningu þekkja ferðamenn almennt ekki svæðið áður en þeir koma. Þeir verða hins vegar fyrir vonbrigðum að hafa ekki vitað af því fyrr, þegar þeir eru komnir á svæðið og hefðu viljað eyða meiri tíma á Reykjanesinu.

Reykjanes sem áfangastaður er ekki þekkt vörumerki sem endurspeglast í því hversu ungur hann er.

Eldsumbrotin á Reyknesi hafa haft mikil áhrif á markaðssetningu og ferðahegðun gesta. Eldgosasvæðin eru nýr áfangastaður sem laðar að sér gesti og veitir innblástur til lengri dvalar.

Brú milli heimsálfa er þekkt meðal gesta og þeir eru í auknum mæli að tengja Bláa lónið við Reykjanesið.



SÉRSTAÐA SVÆÐISINS

Reykjanesskaginn er UNESCO Global Geopark og því einstakur á heimsvísu.

Þar hafa mest kraftar náttúru og samfélags og skapað það umhverfi sem við lifum við í dag.

Menning og saga svæðisins er samofin landslaginu og framtíð atvinnulífs og samfélags mótast að samspili við náttúruna.



Einstök jarðfræði á heimsvísu

- Brúin milli heimsálfa.
- Hvassasta og yngsta hraun Íslands. Öfgarnar í orku náttúrunnar með tengingu í öll frumefnin; brimið, rokið, jarðvarmann og jarðfræðina. Ferðamaðurinn finnur ápreifanlega fyrir þessum öfgum í ferð sinni um Reykjanesið.
- Brimketill og Reykjanesviti bjóða upp á stórkostlegt sjónarspil brimsins.
- Sagan um sjóskaða, líflegar hafnir og fjöldi vita segja frá baráttu heimamanna við hafið.
- Lifandi landslagið, eldsumbrot og náttúruperlurnar á svæðinu sýna þá krafta sem búa í jörðinni sem er bókstaflega að rifna í sundur fyrir framan þig.

Aðgengið og fjarlægðir milli áfangastaða gerir Reykjanesið mjög fjölskylduvænan kost. Lítil keyrsla á milli staða hentar fjölskyldum með börn vel.

Nálægð við höfuðborgina gerir svæðið að góðum kosti fyrir þá ferðamenn sem koma einna helst til að upplifa borgina en vilja skreppa aðeins út fyrir hana til að upplifa stórkostlega náttúru sem þeir sjá hvergi annars staðar. Víðáttan, flatneskjan og minni umferð ferðamanna en við aðrar náttúruperlur, gerir það að verkum að þú upplifir frekar þögnina, einveruna og tengingu við náttúruna á Reykjanesi.

Reykjanesið hefur nokkra einstaka og áhugaverða lykilegla sem eru aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þar má nefna t.d. eldgosasvæðið við Fagradalsfjall, Bláa Lónið, Reykjanes Unesco Global Geopark og áningarstaði innan hans sem eru einstakir á heimsvísu. Þó eru fleiri áhugaverðir staðir til að heimsækja sem auðveldlega fylla upp í góðar minningar yfir daginn.

Það er mikill styrkur fólgin í því að vera með alþjóðaflugvöll á svæðinu. Aðgengi að ferðamönnum er hvergi betra miðað við önnur landsvæði.

NÁTTÚRA



UPPLIFUN



VISIT REYKJANES

[SMELTU HÉR TIL AÐ SKOÐA
UPPLIFUNARVEF SVÆÐISINS](#)

ÍBÚAR



BÆIR





BADSTAÐIR Á REYKJANESI

[SMELTU HÉR TIL AÐ SKOÐA
BADSTAÐI Á REYKJANESI](#)



JARÐMINJASTAÐIR Á REYKJANESI

[SMELTU HÉR TIL AÐ SKOÐA
JARÐMINJASTAÐIR Á REYKJANESI](#)

SKILABOÐIN

- Reykjanesið er einstakt á heimsvísu.
- Reykjanesið er **UNESCO** Global Geopark
- Reykjanesið er söguarfur, land umbreytinganna, tveir heimar sem togast á.
- Reykjanesið er staður þar sem einveran er möguleg án mikillar fyrirhafnar. Það er kraftur sem felst í náttúruundrum sem gestir hafa aldrei upplifað áður.
- Reykjanesið er heillandi, kraftmikið, ægifagurt og aðgengilegt.
- Áferð mynda, hönnun og útlit endurspeglar og fangar auðkenni Reykjaness en sveipar það á sama tíma ákveðinni dulúð og er til þess fallinn að skera sig úr yfirrunnum landslagsmyndum þar sem litir eru ýktir og efnistökin dæmigerð.
- Fullkomið er fallett, en ófullkomið er forvitnilegt.



MARKHÓPAR

Lífsglaði heimsborgarinn

- Hann er stærsti hópur ferðamanna sem kemur til landsins.
- Hann er tilbúinn að greiða fyrir þjónustu og upplifun, skilur peninga eftir sig.
- Hann deilir upplifun og segir öðrum frá.
- Veitingastaðirnir á svæðinu höfða til hans.
- Auðvelt aðgengi að náttúruperlum höfðar til hans.
- Nálægðin við höfuðborgina hentar honum vel.

Sjálfstæði landkönnuðurinn

- Afþreying og náttúra Reykjanessins höfðar til hans.
- Lítil fjöldi annarra ferðamanna heillar hann, ómenguð náttúra og staðir.
- Hann vill ganga um svæði og hefur áhuga á að fræðast.
- Hann skilur hins vegar minna eftir sig og er síður að kaupa þjónustu.



03.

AHERSLUR



VÖRUPRÓUN

Áherslur í vörupróun og verkefna fyrir áfangastaðinn hafa verið skilgreind og hægt er að nálgast upplýsinga um þau verkefni sem falla hér undir og eru unnin hverju sinni inn á vefsvæði visitreykjaness.is

Umhverfi og uppbygging áningarstaða

Við byggjum upp og þróum áningarstaði á Reykjanesi til að vernda náttúruna, tryggja öryggi og auka jákvæða upplifun gesta. Með uppbyggingu og þróun áningarstaða vinnum við að því að dreifa álagi á svæðinu og stuðla að frekari þróun áfangastaðsins í átt að hæglætis ferðamennsku.

Verðmætasköpun og vörupróun

Við gerum Reykjanesið að áhugaverðum áfangastað með því að móta umhverfi ferðapjónustunnar á svæðinu til að auka tækifæri til verðmætasköpunar og vörupróunar í gegnum samstarfsverkefni.

Mannauður, fræðsla og þekking

Fólkið okkar er lykill að velgengni og frekari uppbyggingu í ferðapjónustu á Reykjanesi. Saman vinnum við að því að auka þekkingu og fræðslu og þannig auka gæði þjónustunnar sem er í boði.

Gögn og rannsóknir

Með tölulegum upplýsingum skiljum við umhverfi ferðapjónustunnar betur og metum árangur verkefna. Við þekkjum markhópinn, mælum hagræn áhrif og skiljum hegðun gesta okkar. Þannig getum við áfram unnið að því að þróa gæða áfangastað með sjálfbærni að leiðarljósi.

Upplýsingar og öryggi

Við metum öryggi gesta okkar mikils og tryggjum jákvæða upplifun þeirra á ferðalagi um landshlutann.

Markaðssetning

Fyrirtæki, stofnanir, stoðkerfið, sveitarfélög og samfélagið: Saman byggjum við upp öflugt og traust vörumerki, Reykjaness. Reykjanesið er einstakt á heimsvísu. Reykjanesið er gæðaáfangastaður sem stuðlar að sjálfbærni og er áhugaverður að sækja heim.

ÁHERSLUR

04.

AÐGERÐARÁÆTLUN

AÐGERÐARÁÆTLUN UPPLIFUNARSTAÐA

Aðgerðaráætlunin er uppfærð árlega.
Hana má nálgast á rafrænu formi hér eða
inn á visitreykjanes.is

Listaðir eru upp áningastaðir eftir sveitar-
félögum og uppbyggingaráform.

